## Hildur Edwald

**From:** Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
**Sent:** þriðjudagur, 26. október 2021 11:34
**To:** Þórhallur Vilhjálmsson
**Subject:** RE: Alþingiskosningarnar 25. september sl.
**Attachments:** 2814_001.pdf

Sæll Þórhallur

Mér sýnist gæta ákveðins misskilnings um nöfn. Bókað er kl. 14.15. í I. kjördeild, á Ísafirði, að Sindri Snæfells Kristinsson, afsali sér kosningarétti á Akranesi og kjósi í kjördeildinni.

Á þeim tíma sem hann er að kjósa kemur Díana Jóhannsdóttir, fulltrúi í yfirkjörstjórn sveitarfélagsins, bókun kl. 15, og verður vitni að því að atkvæði Sindra Snæfells er stungið í kassa við innsiglun og þannig innsiglað með öðrum atkvæðum, en skráning fer ekki fram á atkvæði hans í kassanum.

Kl. 20.20 hefur yfirkjörstjón í Borgarnesi, að mér skilst Katrín Páls, samband við Björn Davíðssin og lætur hann vita að ekki stemmi um eitt atkvæði upp úr þessum tiltekna kassa. Þetta er skoðað og leiðrétt með bókun kl. 20.40, eftir samtal yfirkjörstjórnarmanna um hvernig standi á þessu miræmi.

Meðfylgjandi er ljósrit úr gerðarbók.
Ef þú vilt tala beint við Díönu Jóhanns, sem varð vitni að þessu milli kl. 14 og 15 þennan dag er síminn hennar 869 1213 og email diana@vestfirdir.is

**Bryndís Ósk Jónsdóttir**
**Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / bæjarritari**

---

**From:** Þórhallur Vilhjálmsson <thorhallurv@althingi.is>
**Sent:** þriðjudagur, 26. október 2021 09:26
**To:** Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
**Subject:** Alþingiskosningarnar 25. september sl.

Sæl Bryndís

Ég er að vinna fyrir undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa, en nefndin er eins og kunnugt er m.a. að fjalla um kærur út af talningu atkvæða við alþingiskosningarnar í Norðvesturkjördæmi. Málið snýst um atvik í kjördeild á Ísafirði þegar kjósandi (Díana Jóhannsdóttir), sem hafði afsalað sér atkvæðisrétti í annarri kjördeild, greiðir atkvæði (um kl. 15:00) og kemur því í atkvæðakassann um það leyti þegar fyrri sending atkvæða er sótt og farið er með í Borgarnes. Hef verið í sambandi við Björn Davíðsson í yfirkjörstjórn út af atvikinu sem benti mér á að tala við þig, en ég er að velta fyrir mér hvort fyrir liggja e-r skrifleg gögn eða bókanir um atvikið í gerðabók undirkjörstjórnar.

Getur þú aðstoðað mig með framangreint og sent mér ljósrit úr gerðarbókinni ef þar er eitthvað að finna um atvikið eða atkvæðagreiðsluna.

Virðingarfyllst,

fh. skrifstofu Alþingis.

Þórhallur Vilhjálmsson,
forstöðumaður lagaskrifstofu.
s: 692 3101

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*
Fyrirvari/Disclaimer

Ísafjörður

I. kjördeild

EKAHA

Ein Produkt von ESSELTE DYMO

[redacted]

Kjörfundur hófst kl. 09:00.

Kl. 9 22 kom Hjalti Snær Þórarinsson [redacted] að kjósa með fulltrúanum Kristjönu Magnúsd. kt. [redacted] sem undirritaði þagnarheit.

Klukkan 11:28 kom Díana að fá tölur um mætingu 18 karlar og ~~11~~ 17 konur voru búin að kjósa.

Klukkan 11:30 kom Björn Davíðsson með blöð um afsal kosningaréttar 5 blöð.

Kl. 13:20 kom Guðrún Jónsdóttir, kt [redacted] og afsalaði sér kosningarétti á Þingeyri.

Kl 14:15 kom Sindri Snæfells Kristinsson kt. [redacted], [redacted] og afsalaði sér kosningarétti á Akranesi og kaus hér.

Kl 15 kom Diana Jóhannsdóttir úr yfirkjörstjórn með nýjan kassa. Fyrri kassi innsiglaður með 87 atkvæðum ~~kvenna~~ karla og 78 atkvæðum ~~karla~~ kvenna - samtals 165 atkvæði. K00037734

Nýr Kassi: K00013009

Kl. 15:39 kom Árni Freyr Elíasson kt [redacted] og sótti utankjörfundaratkvæði sitt og kaus á staðnum.

Kl. 17:15 Harpa Henrysdóttir mætir með afsalsblað v/ Atla Þórs Thorarensen, ~~eft~~ kt [redacted], eftir að hafa rætt v. yfirkjörstjórn. Umbjóðandi er fluttur úr S. í 1. kjördeild og fær að kjósa hér.

Kl. 17:29 biður Diana Jóhannsdóttir um tölu: 148 Karlar og 140 konur eru búin að kjósa: 288 samtals.

Kl. 17.35 mætir Björn Davíðsson varðandi tvo kjósendur sem nýja kjósa í 6. kjördeild: Guðrún Steinþórsdóttir kt. [redacted]
Dagbjartur Bjarnason kt. [redacted]
þau afsala sér kosningarrétti í 1. kjördeild.

Kl. 18:10 mætir Guðný Stefanía með utankjörfundaratkvæði fyrir Tryggva Þorsteinsson kt [redacted]

Kl. 18:12 mætti Sigurður Jóhann Erlingsson kt. [redacted] og greiðir atkvæði á staðnum. Hann fær afhent utankjörfundaratkvæði sitt.

Kl. 19:38 hringir ~~kjörstjórn~~ fulltrúi kjörstjórnar á Akranesi og óskar eftir að Örn Torfason [redacted] sé tekin af kjörskrá þarsem hann kýs á Akranesi.

Lára Steinþórsdóttir [redacted] var tekin af kjörskrá þar sem hún er látin.

Kl: ?? kom beiðni frá yfirkjörstjórn um að taka af kjörskrá Díana Ösp M Guðbjartsdóttir [redacted] þar sem hún kýs annarsstaðar.

Kl. 20:10 Kjósandi afhenti ~~dagsetn~~ kjörseðil og fær nýjan afhentan.

Kl: 20:20 kom Björn Davíðsson úr yfirkjörstjórn með talningu úr Borgarnesi af kassa 00037734, þar töldust 166 en ekki 165 eins og undirkjörstjórn skrifar. Við munum endurtelja eftir við lokum kosningum.

Kl 20:40 Kom Björn Davíðsson með þær fréttir að atkvæði Sindra Snæfells sem var bókaður fyrr komst í kassa en var ekki strikaður fyrr en eftir kassinn var tekinn.

Kl. 21.00 Lýkur kjörfundi og síðustu kjósendur ganga úr kjördeildinni kl. 21:01.

Thelma Hjaltadóttir
Rakel Sylvia Björnsdóttir
Gunnlaugur A Finnbogason
Guðríður B Guðmundsdóttir
Pernilla Rein

Innsiglað á poka K00037726

Kassa innsiglaður kl. 21:43 K00037735